

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 6. mars 2018.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.40.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Þórunn Ansnes, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson, Jóhann Óskar Borgþórsson, Ragnar Hilmarsson og Sveinn Sigurbergsson. Forföll: Magnús Gunnarsson og Ingvar Kristinsson.

Dagskrá:

1. Óháð fagráð fyrir íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði

Geir Bjarnason íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar kom til fundarins og kynnti óháð fagráð í Hafnarfirði vegna ofbeldismála. Ráðinu er ætlað að taka við erindum, ágreinings- og álitamálum frá íþrótt- og tómsundafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, kynferðislegu ofbeldi, siðferðilegum álitamálum og eineltismálum. Ráðið veitir félagasamtökum ráð og stuðning varðandi vinnu við slík mál. Ráðið hefur aðgengi að sérfræðingum Hafnarfjarðarbæjar um einstök mál. Einstaklingar geta skotið málum til ráðsins. Að skjóta máli til fagráðsins kemur aldrei í stað tilkynninga til lögreglu og barnaverndar vegna ofbeldismála. Málið er ennþá í kynningu og vinnslu hjá Hafnarfjarðarbæ og er ósamþykkt. Ennfremur vill Hafnarfjarðarbær bjóða íþróttafélögum; forsvarsmönnum, starfsmönnum, þjálfurum og lykilstjórnendum upp á námskeið í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Um er að ræða námskeiðið Verndari barna sem Blátt áfram á.

2. Styrkbeiðni svar

Svar frá styrkumsækjanda varðandi ráðstefnuna Safe Sports lagt fram til kynningar og umræðna. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við styrkumsækjanda, óska eftir tölvupósti þess efnis að styrkumsækjandi geti haldið stuttan fyrirlestur um efni ráðstefnunnar 5. maí nk. og greiða kostnað við gistingu á ráðstefnunni þegar reikningur berst skrifstofu ÍBH.

3. Bréf frá starfsmanni íþróttaviðburðar, framhald

Málinu vísað til rekstraraðila íþróttamannvirkisins þar sem atvikið átti sér stað og hann beiðinn um að fylla út slysaskráningareyðublað um atvikið. Slysaskráningareyðublöð eru á Umhverfisstofnun undir eftirfarandi tengli, <https://www.ust.is/atvinnulif/hollustuhaettir/slysaskraningarblod>.

4. Nýframkvæmdir íþróttamannvirkja – framkvæmdaferlar – drög

Lagt fram til kynningar. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar óskar eftir því að Hafnarfjarðarbær fullvinni drögin áður en umræður um þau haldi áfram.

5. Endurskoðun tímaúthlutunarreglna

Samþykkt að skipa nefnd til að endurskoða tímaúthlutunarreglur og ákveða úthlutunarfyrirkomulag tíma í sumar og í haust 2018. Í ár eru breytingar á mannvirkjum. Nýr íþróttasalur verður opnaður í apríl 2018 og tekinn í fulla notkun frá hausti 2018. Í nefndinni eru fulltrúar frá félögum sem fá úthlutað tímum í íþróttamannvirkjum, þau eru, Haukar, FH, DÍH, Björk, Fjörður og BH. Hörður

Þorsteinsson verður fulltrúi BH í nefndinni. Framkvæmdastjóri ÍBH hefur samband við önnur félög í nefndinni og biður þau um að tilnefna fulltrúa í hana.

6. Uppfletting í sakaskrá

Lagt fram til kynningar. Samþykki um uppflettingu í sakaskrá og sýnishorn til samþykkis um uppflettingu í sakaskrá er að finna á heimasíðu ÍSÍ (www.isi.is) undir fræðslu. Í sýnishorni til samþykkis um uppflettingu í sakaskrá þurfa félög eingöngu að setja nafn félagsins, kennitölu, heimilisfang, nafn umsækjanda, kennitölu, nafn framkvæmdastjóra/formanns inn í textann. Aðildarfélög ÍBH eru hvött til að kynna sér málið og láta einstaklinga sem starfa sem sjálfbodaliðar og launþegar í íþróttafélögum undirrita samþykkið.

7. Viðbragðsteymi íþróttafélaga, framhald

Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga hélt fund 27. febrúar sl. Á honum var m.a. samþykkt að fá Geir Bjarnason íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar til að kynna drög að óháðu fagráði á vegnum Hafnarfjarðarbæjar á næsta stjórnarfundum ÍBH 6. mars nk. Nefndin mun kynna viðbragðsteymi íþróttafélaga á fulltrúaráðsfundi ÍBH 5. maí nk.

8. Húsaleigustyrkir frá Hafnarfjarðarbæ 2017

Lagt fram til kynningar. Samtals styrkir 2017 eru kr. 359.004.340. Inn í skjal sem Hafnarfjarðarbær sendi frá sér til íþróttahreyfingarinnar vantar húsaleigustyrki á nokkur mannvirki. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar hvetur Hafnarfjarðarbæ til að bæta vinnu við samantekt á húsaleigustyrkjum til íþróttafélaga bæjarins fyrir árið 2018 svo upplýsingagjöf um stuðning bæjarfélagsins við íþróttahreyfingu bæjarins verði nákvæmari.

9. Ársreikningar, féлага- og iðkendatal aðildarfélaga ÍBH starfsárið 2016 samkvæmt starfsskýrslu ÍSÍ 2017

Árleg skýrsla sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar tekur saman úr Felix félagakerfi ÍSÍ lögð fram til kynningar. Iðkanir eru samtals 13.365, 61,26% eru karlar, 38,74% konur. Fimleikafélag Hafnarfjarðar er með flestar iðkanir eða 3099. Flestir iðka knattspyrnu eða 2197. Iðkendur eru í fyrsta skipti flokkaðir í 17 ára og yngri og 18 ára og eldri. Hægt er að skoða skýrsluna rafrænt á heimasíðu ÍBH.

10. Staðan á undirbúningi Fulltrúaráðsfundar ÍBH vor 2018

Lagt fram til kynningar.

11. Staðan á íþróttakynningum á Björtum dögum 2018

Lagt fram til kynningar. Nefnd um íþróttakynningar ætlar að hafa samband við félögin og ýta á eftir þeim. Bréf um íþróttakynningar á Björtum dögum með upplýsingum frá ÍBH og Hafnarfjarðarbæ var sent á félögin 16. febrúar sl. Frestur til að láta vita af þátttöku er til 6. apríl nk.

12. Staðan á heilsuefningu eldri borgara

Lagt fram til kynningar.

13. Saga ÍBH myndir

Lagt fram til kynningar.

14. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.